

## 3. gr.

Við 73. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spílakassa eða leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið, sem gildir í 1 ár í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09:00 til kl. 23:30. Ákvæði 69. og 70. gr. taka til þeirra eftir því sem við á.

## 4. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. mars 1983.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

**um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979,  
með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Liður 3.4.9. orðist svo:

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframléidd hús eða málmgrindarhús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga og reglugerða. Ákvæði byggingarreglugerðarinnar gilda um slík mannvirki eftir því sem við á, m. a. þarf iðnmeistari sá, sem annast uppsetningu hússins, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, sbr. 3.4.4. Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframléiddum húsum eftir almennum reglum. Þegar um er að ræða innflutning verksmiðjuhúsa (eininga- eða málmgrindarhúsa) skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir krefja hlutadeigandi innflytjendur um vottorð frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um að þau standist þær gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt gildandi byggingarlögum og byggingarreglugerð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. mars 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón S. Ólafsson.*